

M-10/2017. Álit 14. júlí 2017.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-10/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. febrúar 2017 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur farsímamann haldinn galla og krefst úrbóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 20. febrúar 2017 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 1. mars 2017. Hinn 7. mars voru andsvörin send til álitsbeiðanda og henni bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild og ekki bárust frekari athugasemdir til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt farsíma af gerðinni iPhone 6 af seljanda þann 4. febrúar 2015 fyrir 105.990 krónur. Eftir að hafa átt farsímamann í um eitt og hálf ár hafi rafhlaðan bilað sem lýsi sér samkvæmt álitsbeiðanda þannig að: „*síminn deyr í 30-50% eftir því hvort ég er á Wifi eða 3G/4G – hann slekkur samstundis á sér ef ég er á 3G eða 4G, sérstaklega ef ég opna samfélagsmiðilinn Snapchat og er vonlaust að kveikja á honum aftur nema að stinga honum í samband (þegar síminn slekkur á sér í um 50% hleðslu þá get ég ekki kveikt á honum. Ég bíð í um 3 mínútur og þá get ég kveikt á honum aftur en hann slekkur á sér eftir nokkrar sekúndur. Þetta gerist þangað til ég þarf að setja hann í samband).*“ Þá slökkvi farsíminn einnig á sér þegar álitsbeiðandi fari út í kulda og þá sé ekki hægt að kveikja á honum nema honum sé stungið í samband. Tekur álitsbeiðandi fram að farsímaminn hafi ekki orðið fyrir neinu höggi eða vatnsskemmdum og hún hafi farið vel með hann.

Þann 1. febrúar 2017 fór álitsbeiðandi með farsímamann í viðgerð til seljanda. Rúmlega viku síðar segir álitsbeiðandi að seljandi hafi tjáð sér að rafhlaða farsímans sé ónýtt og hún geti keypt nýja á rúmlega 20.000 krónur þar sem síminn sé ekki í ábyrgð. Seljandi hafi einnig sagt að rafhlaða farsímans sé aðeins í ábyrgð í eitt ár en síminn sjálfur sé í ábyrgð í tvö ár. Álitsbeiðandi kveðst hafa greint starfsmanni seljanda frá því að hún hafi undir höndum ábyrgðarskírteini sem segi að farsímaminn sé í ábyrgð til 4. febrúar svo hann sé í ábyrgð. Þar að auki eigi rafhlaðan einnig að vera í ábyrgð í tvö ár ásamt símanum í heild og það komi hvergi fram að styttri ábyrgðartími sé á rafhlöðu símans en öðrum hlutum hans.

Álitsbeiðandi segir í álitsbeiðni að hún hafi lesið sig til um að margir hafi lent í sama vandamáli með sinn iPhone 6, en starfsmaður seljanda hafi svarað henni því að tilkynning iPhone um innköllun vegna galla hafi aðeins tekið til nokkurra iPhone 6S sem keyptir hafi verið í október 2016. Seljandi hafi síðar boðið álitsbeiðanda 15% afslátt af nýrri rafhlöðu sem þá myndi kosta um 16.-17.000 krónur sem álitsbeiðandi hafi afþakkað. Krefst álitsbeiðandi þess að fá nýja rafhlöðu sér að kostnaðarlausu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að farsíminn hafi verið sendur í viðgerð til Viss sem sé viðurkennt iPhone verkstæði þann 1. febrúar 2017. Verkstæðið hafi bent á að skipta þurfi um rafhlöðu en ábyrgð á rafhlöðu sé 12 mánuðir og farsíminn hafi verið tæplega tveggja ára. Hlutir eins og rafhlöður rýrni við notkun og aðeins séu ákveðið margir hleðsluhringir í hverri rafhlöðu.

Seljandi kveðst hafa boðið álitsskiptinguna að senda farsímann á verkstæðið Z, til að fá annað álit en því hafi hún hafnað. Þá standi tilboð seljanda um 15% afslátt af nýrri rafhlöðu enn til boða.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsskiptinguna og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álitsskiptingandi þess að seljandi bæti úr galla á rafhlöðu farsímans, sem hún keypti þann 4. febrúar 2015, með því að afhenda sér nýja rafhlöðu, sér að kostnaðarlausu þar sem afhlaðan hafi verið haldin galla. Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir:

„Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrir en síðar.

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar. [...]“

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að farsíminn hafi verið haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl. Það að farsíminn hafi enn verið í ábyrgð þann 1. febrúar 2017 breytir því ekki að meta þurfi hvort farsíminn hafi raunverulega verið haldinn galla þegar álitsskiptingandi festi kaup á honum.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu verður ekki séð að farsíminn eða afhlaða hans hafi verið haldin galla í skilningi laganna þegar álitsskiptingandi keypti hann. Í því sambandi verður að líta til þess að farsíminn var tæplega tveggja ára þegar álitsskiptingandi fór með hann í viðgerð til seljanda, en álitsskiptingandi kveðst hafa orðið vör við bilun rafhlöðunnar um einu og hálfu ári eftir kaupin. Ekki er hægt að fullyrða um það hversu lengi farsími eða afhlaða á að endast og hlýtur endingartíminn raunar að fara eftir aðstæðum hverju sinni, meðferð og notkun. Þar sem álitsskiptingandi varð ekki var við bilun rafhlöðunnar fyrir en hið minnsta einu og

hálfu ári eftir kaupin telur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi að engu marki náð að sýna fram á að farsíminn hafi verið haldinn galla við kaupin þann 4. febrúar 2015. Er ekki annað séð, eins og máli þessu er háttað, en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varða í skilningi áður nefndrar 1. mgr. 26. gr. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson